

SAMPYKKT

20

17. febr.

um lokun sölubúða í Dalvíkurkaupþúni.

1. gr.

Sölubúðum í Dalvíkurkaupþúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum skal sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, á föstudögum eigi síðar en kl. 7 síðdegis og á laugardögum eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og eigi opnar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 12 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokun sölubúða í samþykkt þessari skulu enn fremur þessar undantekningar:

Brauð- og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní frá kl. 10 f. h. til kl. 2 e. h., eingöngu til sölu á brauðum, mjólk og mjólkurvörum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og vistarforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti vörum í geymsluhúsum verzlana.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga eða tímabil, að fengnu samþykki hreppsnefndar, til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni eða til ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 50—500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglu-mál.

20 Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Dalvíkurhrepps samkvæmt lögum
17. febr. nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. febrúar 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

21

4. marz

AUGLÝSING

um breytingu á fyrirmælum um aðalbrautir og umferð af öðrum vegum inn á þær, nr. 68 3. apríl 1950.

4. töluliður 1. gr. orðist svo:

Flugvallarvegur á Keflavíkurflugvelli frá vegamótum Hafnavegar að gisti-húsinu og þaðan áfram gegnum aðalíbúðarhverfið að mótuneyti starfsmanna vallarins.

Breyting þessi, sem gerð er með heimild í 7. gr. umferðalaga, nr. 24 16. júní 1941, öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 4. marz 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Páll Pálmason.

22

3. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daniéls-sonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatun af dómsmálaráðherra 3. marz 1954.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður dr. phil. Ólafs Daniélssonar og Sigurðar Guðmundssonar arkitekts“ og er stofnaður árið 1954 af Svanhildi Ólafsdóttur Daniélssonar, konu Sigurðar Guðmundssonar arkitekts.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er hálf húseignin Hagamelur 21 í Reykjavík (með þeim kvöðum, sem á eigninni hvíla), en ágóða af eigninni skal verja samkvæmt tilgangi sjóðsins, sbr. 3. gr. a—c.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

a. Að verðlauna íslenzkan stærðfræðing, stjórnufræðing eða eðlisfræðing. Skal verðlaununum úthlutað án umsókna og í fyrsta sinn 31. okt. 1955, á 78 ára